# Kyn- og lífaldursgreiningar á beinum úr íslenskum kumlum

**Hildur Gestsdóttir**

Fornleifastofnun Íslands

FS055-98151

*Reykjavík 1998*

# Efnisyfirlit

**INNGANGUR** ..... **2**

**AÐFERÐAFRÆÐI** ..... **2**

KYNGREINING ..... 2
LÍFALDURSGREINING ..... 3
VARÐVEISLA. ..... 4

**NIÐURSTÖÐUR** ..... **5**

KYNGREINING ..... 5
LÍFALDURSGREINING ..... 5
VARÐVEISLA ..... 6

**MEINAFRÆÐI** ..... **6**

**LOKAORÐ** ..... **7**

**HEIMILDASKRÁ** ..... **7**

**VIÐAUKI I** ..... **9**

## Inngangur

Vegna endurútgáfu doktorsritgerðar Dr. Kristjáns Eldjárn 'Kuml og haugfé' var ákveðið að framkvæma beinafræðilega rannsókn á öllum beinum sem varðveist hafa úr íslenskum kumlum. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að greina, þar sem mögulegt var, bæði kyn og lífaldur beinagrinda.

Í endurútgáfuna af 'Kumlum og haugfé' er fyrirhugað að bæta við öllum nýjum kumlafundum frá því að bókin var fyrst gefin út árið 1956. Til þess að tryggja að allar beinafræðilegar athuganir semfram koma í bókinni séu staðlaðar, var ákveðið að rannsaka öll bein sem varðveist hafa til þessa úr kumlum á Íslandi, alls 182 beinagrindur.

## Aðferðafræði

Við rannsóknina voru notaðar nokkrar aðferðir til þess að greina kyn og lífaldur. Í hverju tilviki voru notaðar eins margar aðferðir og varðveisla leyfði.

***Kyngreining***

Hauskúpan og mjaðmagrindin eru þau bein líkamanns sem best eru fallin til kyngreiningar, en mismunandi form og stærðir þessara beina aðgreina helst kynin (sjá t.d. Schwarts, 1995 & Buikstra & Ubelaker, 1994). Einnig var þvermál liðflata mælt (t.d. á lærlegg, upparmlegg, sveif og liðskál herðablaðs) og þær mælingar bornar saman við staðla frá Bass (1995) og Brothwell (1981).

Enn hafa ekki verið þróaðar fullnægjandi aðferðir til þess að greina kyn á beinum barna. Mjaðmagrindin er það bein sem best er að nota til kyngreininga, en það nær ekki fullum þroska fyrr en um 16-18 ára aldur. Því var ekki reynt að greina kyn einstaklinga undir þeim aldri.

Kyngreiningu er skipt í fimm hópa:

- **Ógreinanlegt** – Þeir einstaklingar sem voru of illa varðveittir til þess að greina kyn, eða þar sem að niðurstöður voru ófullnægjandi.
- **Karlkyns**
- **Karlkyns?** – Þeir einstaklingar sem eru trúlega karlkyns en þar sem niðurstöður eru ekki fullnægjandi til þess að greina með vissu.
- **Kvenkyns**
- **Kvenkyns?** – Þeir einstaklingar sem eru trúlega kvenkyns en þar sem niðurstöður eru ekki fullnægjandi til þess að greina með vissu.

***Lífaldursgreining***

Allt að fimm aðferðir voru notaðar til að greina aldur fullvaxinna einstaklinga. Áreiðanlegustu aðferðirnar eru breytingar á eyrnafleti á mjaðmarspaðanum (Lovejoy et al., 1985) og á klyfjatengisfletinum. Tvær aðferðir voru notaðar við lífaldursgreiningar á klyfjatengisfletinum, önnur kennd við Suchey-Brooks (Brooks & Suchey, 1990) og hin kennd við Todd (1921a & 1921b). Einnig voru notaðar aldursgreiningaraðferðir byggðar á sameiningu hauskúpusaumanna (sjá Buikstra & Ubelaker, 1994) og aldurseinkennandi breytingar á bringubeinsenda rifbeina byggðar á rannsóknum McCormick (1980). Greining á tanneyðingu er ein af helstu aðferðunum við lífaldursgreiningu. Hins vegar, er eyðing á tönnum íslenskra beinagrinda mun minni en í þeim sem staðlarnir eru byggðir á, sem þýðir að þessir staðlar nýtast ekki hér.

Lífaldursgreiningu á beinum fullvaxinna einstaklinga var skipt í fimm flokka:

- **Ógreinanlegt** – Þar sem engin einkenni sem duga til lífaldursgreininga höfðu varðveist.
- **18 – 25** ára
- **26 – 35** ára
- **36 – 45** ára
- **46+** - 46 ára og eldri

Aðferðir notaðar við aldursgreiningar á beinagrindum barna (þ.e. yngri en 18 ára) eru frábrugðnar þeim sem notaðar eru við greiningar á fullvöxnum einstaklingum, vegna þess

að bein og tennur þeirra eru ennþá að þroskast og vaxa. Oft er hægt að tímasetja hvert stig í þessum þroska mjög nákvæmlega, og þess vegna eru lífaldursgreiningar á beinum barna miklu nákvæmari en á fullvöxnum beinagrindum.

Þrjár aðferðir voru notaðar við lífaldursgreiningar á börnum. Köst, eða endar, beina í börnum eru ekki föst við beinskaftið þegar þau eru ennþá að vaxa. Sameiningu einstakra kasta við beinskaftið og aðrar sameiningar, t.d. þegar mjaðmarspaði, setbein og lífbein sameinast til að mynda mjaðmarbeinið, er venjulega hægt að tímasetja með nokkurra mánaða (rétt eftir fæðingu) til nokkra ára nákvæmni. Því er sameining kasts við beinskaft (sjá t.d. Schwarts, 1995; Buikstra & Ubelaker, 1994) ein helsta aðferðin notuð við lífaldursgreiningu á beinagrindum barna. Einnig var stuðst við þroskastig barna- og fullorðinstanna (Ubelaker, 1989) og mælingar á lengd beinskafts (þ.e án kasta) borið saman við staðla frá Hoppa (1992).

Lífaldursgreiningum á börnum (einstaklingum yngri en 18 ára) var skipt í 4 flokka:

- **0 – 2** ára
- **3 – 6** ára
- **7 – 12** ára
- **13 – 17** ára

***Varðveisla.***

Við rannsóknina á beinum úr íslenskum kumlum var hverri beinagrind gefin einkunn frá 1 til 5 fyrir varðveslu:

- **1** = >90%
- **2** = 75 – 90%
- **3** = 50 – 75%
- **4** = 35 – 50%
- **5** = <30%

Einkunnin sem hver beinagrind fær byggist ekki aðeins á því hve mikið af henni er varðveitt, heldur einnig hversu nothæf hún er til rannsókna, hvort sem það er til kyn- og lífaldursgreininga, mælinga eða meinafræðilegra rannsókna.

# Niðurstöður

Niðurstöður um hverja beinagrind fyrir sig eru birtar í viðauka I. Hann er tvískiptur, bein úr kumlum og stakir beinafundir sem mögulegt er að séu kuml.

### *Kyngreining*

Alls voru greindar 182 beinagrindur. Af þeim var hægt að kyngreina 109 einstaklinga. Niðurstöðurnar voru sem hér er sýnt:

- Karlkyns (kk) – **46**
- Karlkyns? (kk?) – **28**
- Kvenkyns (kvk) – **20**
- Kvenkyns? (kvk?) – **15**

Þetta er sýnt sem prósentutölur á mynd 1.




*Mynd 1*

### *Lífaldursgreining*

Alls var hægt að greina lífaldur 120 beinagrinda sem varðveist hafa úr íslenskum kumlum. Niðurstöðurnar eru sem hér segjir:

- 0-2 ára – **2**
- 3-6 ára – **0**
- 7-12 ára – **5**
- 13-17 ára – **5**
- 18-25 ára – **11**
- 26-35 ára – **13**
- 36-45 ára – **55**
- 46+ ára – **29**

Sjá mynd 2.




*Mynd 2.*

*Varðveisla*

Alls 182 beinagrindur voru skoðaðar í þessari rannsókn. Varðveisla þeirra var sem hér er sýnt:

- 1 – **5**
- 2 – **28**
- 3 – **26**
- 4 – **52**
- 5 – **71**

Þetta er sýnt í prósentutölum í mynd 3.




*Mynd 3.*

# Meinafræði

Þó að ekki hafi verið gerð nein kerfisbundin rannsókn á meinafræðilegum breytingum á þeim beinum sem rannsökuð voru, voru þær breytingar sem sáust í þessari frumrannsókn skráðar til þess að hægt sé að gera betur grein fyrir gildi beinafunda úr íslenskum kumlum fyrir allsherjar meinafræðilegar rannsóknir.

Sem dæmi um þær meinafræðilegu breytingar sem sáust við þessa frumrannsókn má nefna áverka á beinum, (t.d. fergibrot og skekking á axlarlið, og brot á sköflungi); smitsjúkdóma (t.d. hugsanleg tilfelli af holdsveiki); hörgulsjúkdóma (t.d. járnhörgulsblóðleysi) og erfðakvilla (t.d leyningshryggrauf, *spina bifida occulta* og spjaldliðun, *sacrilization*). Það er þó langt frá því að þetta sé fullnægjandi meinafræðileg rannsókn, en þessi dæmi sýna þó að þrátt fyrir að varðveisla beina úr kumlum sé ekki mjög góð (í 67% tilfellum er varðveisla minni en 50%), þá er hægt að gera meinafræðilega rannsókn á þessum beinum og þar með auka þekkingu á heilsufari heiðinna manna á Íslandi.

## Lokaorð

Á þessu stigi hafa niðurstöðurnar úr þessari rannsókn ekki verið túlkaðar frekar, enda er þessi skýrsla aðallega hugsuð sem áfangaskýrsla.

Þó að mögulegt hafi verið að greina kyn og lífaldur á yfir helmingi þeirra beinagrinda sem til eru úr íslenskum kumlum, er það mjög greinilegt að stór hluti safnsins er of illa varðveittur til rannsókna. Hins vegar, er nógu stór hluti þessara beinagrinda það vel varðveittur að hægt er að rannsaka þær frekar, t.d. með meinafræðilegar eða 'palaeodemografískar' athuganir í huga

## Heimildaskrá


**Bass, W.M.**
1995. *Human Osteology.* Special Publication No. 2 of the Missouri Archaeological Society.

**Brooks, S.T. & Suchey, J.M.**
1990. Skeletal Age Determination Based on the Os Pubis: A Comparison of the Aszádi-Nemeskéri and Suchey-Brooks Methods. *Human Evolution* Vol.**5**:227-238

**Brothwell, D.R.**
1981. *Digging up Bones.* Oxford University Press; Oxford.

**Buikstra, J.E. & Ubelaker D.H.**
1994. *Standards for Data Collection from Human Skeletal Remains.* Arkansas Archaeological Survey Research Series No. 44.

**Hoppa, R.D.**
1992. Evaluating Human Skeletal Growth: an Anglo-Saxon Example. *International Journal of Osteoarchaeology.* Vol.**2**:275-288.

**Lovejoy, C.O., Meindl, R.S., Pryzbeck, T.R. & Mensforth, R.P.**
1985. Chronological Metamorphosis of the Auricular Surface of the Ilium: A New Method for the Determination of Age of Death. *American Journal of Physical Anthropology* Vol.**68**:15-28.

**McCormick, W.F.**

1980. Mineralization of the Costal Carilages as an Indicator of Age: Preliminary Observations. *Journal of Forensic Sciences* Vol.**25**:736-741.

**Schwartz, J.H.**

1995. *Skeleton Keys.* Oxford University Press: Oxford.

**Todd, T.W**

1921a. Age Changes in Pubic Bone I. The Male White Pubis. *American Journal of Physical Anthropology* Vol.**3**:285-334.

1921b. Age Changes in Pubic Bone III. The Pubis of the White Female. IV The Pubis of the Female White-Negro Hybrid. *American Journal of Physical Anthropology* Vol.**4**:1-70.

**Ubelaker, D.H.**

1989. *Skeletal Remains.* Taraxacum Press: Washington D.C.

## Viðauki I

Bein úr kumlum.

| Staður | Sýsla | Númer | Aldur | Kyn | Varðveisla |
|---|---|---|---|---|---|
| Ekki vitað | Eyjafjarðarsýsla | EFS-A-1 | 26-35 | Kvenkyns | 4 (>35%) |
| Aðalból, Jökuldalshr. | Norður-Múlasýsla | ABH-A-1 | 36-45 | Ógreinanlegt | 2 (>75%) |
| Aðalból, Jökuldalshr. | Norður-Múlasýsla | ABH-A-2 | 36-45 | Karlkyns? | 3 (>50%) |
| Álaugarey, Nesjahr. | Austur-Skaftafellssýsla | AEY-A-1 | 36-45 | Kvenkyns | 3 (>50%) |
| Álfsstaðir, Skeiðahr. | Árnessýsla | ASS-A-1 | 26-35 | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Álfsstaðir, Skeiðahr. | Árnessýsla | ASS-B-1 | 18-25 | Kvenkyns | 2 (>75%) |
| Bakki, Skeggjastaðahr. | Norður-Múlasýsla | BBE-A-1 | 36-45 | Karlkyns? | 2 (>75%) |
| Bessastaðir, Sæmundarhlíð | Skagafjarðarsýsla | BSS-A-1 | 36-45 | Kvenkyns | 2 (>75%) |
| Björk í Eyjafirði | Eyjafjarðarsýsla | BJE-A-1 | 26-35 | Karlkyns? | 5 (<30%) |
| Brimnes, Viðvíkurhr. | Skagafjarðarsýsla | BRV-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Brimnes, Viðvíkurhr. | Skagafjarðarsýsla | BRV-A-2 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Brimnes, Viðvíkurhr. | Skagafjarðarsýsla | BRV-A-3 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Brimnes, Viðvíkurhr. | Skagafjarðarsýsla | BRV-A-4 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Brimnes, Viðvíkurhr. | Skagafjarðarsýsla | BRV-A-5a | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Brimnes, Viðvíkurhr. | Skagafjarðarsýsla | BRV-A-5b | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Bringa, Öngulsstaðahr. | Eyjafjarðarsýsla | BRE-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Brú á Jökuldal, Jökuldalshr. | Norður-Múlasýsla | BAJ-A-1 | 46+ | Karlkyns? | 3 (>50%) |
| Daðastaðir, Presthólahr. | Norður-Þingeyjarsýsla | DAP-A-1 | 46+ | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Dalvík, Dalvíkurhr. | Eyjafjarðarsýsla | DAV-A-1 | 26-35 | Karlkyns | 4 (>35%) |
| Dalvík, Dalvíkurhr. | Eyjafjarðarsýsla | DAV-A-2 | 36-45 | Kvenkyns? | 4 (>35%) |
| Dalvík, Dalvíkurhr. | Eyjafjarðarsýsla | DAV-A-3 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Dalvík, Dalvíkurhr. | Eyjafjarðarsýsla | DAV-A-4 | 46+ | Karlkyns? | 4 (>35%) |
| Dalvík, Dalvíkurhr. | Eyjafjarðarsýsla | DAV-A-5 | 46+ | Karlkyns | 3 (>50%) |
| Dalvík, Dalvíkurhr. | Eyjafjarðarsýsla | DAV-A-6 | 46+ | Kvenkyns | 4 (>35%) |
| Dalvík, Dalvíkurhr. | Eyjafjarðarsýsla | DAV-A-7 | Ógreinanlegur | Karlkyns? | 5 (<30%) |

| Staður | Sýsla | Númer | Aldur | Kyn | Varðveisla |
|---|---|---|---|---|---|
| Dalvík, Dalvíkurhr. | Eyjafjarðarsýsla | DAV-A-8 | 26-35 | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Dalvík, Dalvíkurhr. | Eyjafjarðarsýsla | DAV-A-9 | 18-25 | Kvenkyns? | 4 (>35%) |
| Dalvík, Dalvíkurhr. | Eyjafjarðarsýsla | | Ógreinanlegur | Karlkyns? | 3 (>50%) |
| Dalvík, Dalvíkurhr. | Eyjafjarðarsýsla | | Ógreinanlegur | Kvenkyns? | 5 (<30%) |
| Draflastaðir, Hálshr. | Suður-Þingeyjarsýsla | DSH-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Dratthalastaðir, Hjaltastaðahr. | Norður-Múlasýsla | DHH-A-1 | 46+ | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Dratthalastaðir, Hjaltastaðahr. | Norður-Múlasýsla | DHH-A-2 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Dufþaksholt, Hvolhr. | Rangárvallasýsla | DUH-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 3 (>50%) |
| Einholt á Mýrum | Austur-Skaftafellssýsla | EIM-A-1 | 26-35 | Kvenkyns | 4 (>35%) |
| Elivogar, Seyluhr. | Skagafjarðarsýsla | EVS-A-1 | 26-35 | Karlkyns | 5 (<30%) |
| Enni, Viðvíkurhr. | Skagafjarðarsýsla | ENV-A-1 | 36-45 | Karlkyns? | 5 (<30%) |
| Fellsmúli (gamli), Landmannahr. | Rangárvallasýsla | VDS-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Fellsmúli (gamli), Landmannahr. | Rangárvallasýsla | VDS-B-1 | 46+ | Karlkyns? | 3 (>50%) |
| Finnstunga, Bólstaðarhlíðarhr. | Austur-Húnavatnssýsla | FBB-A-1 | 7-12 | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Fremri Svartárdalur, | Skagafjarðarsýsla | FSS-A-1 | 36-45 | Kvenkyns | 4 (>35%) |
| Garðsá | Eyjafjarðarsýsla | GAO-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Gauksstaðir, Jökuldalshr. | Norður-Múlasýsla | GSJ-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Gauksstaðir, Jökuldalshr. | Norður-Múlasýsla | GSJ-A-2 | 46+ | Karlkyns? | 3 (>50%) |
| Gautlönd, Skútutstaðahr. | Suður-Þingeyjarsýsla | GLÞ-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Geitáteigur í Eiðaþinghá | Norður-Múlasýsla | GTE-A-1 | 18-25 | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Geitáteigur í Eiðaþinghá | Norður-Múlasýsla | GTE-A-2 | 36-45 | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Glaumbær, Reykdælahr. | Suður-Þingeyjarsýsla | GBR-A-1 | Ógreinanlegur | Karlkyns? | 4 (>35%) |
| Glaumbær, Reykdælahr. | Suður-Þingeyjarsýsla | GBR-A-2 | 46+ | Karlkyns? | 4 (>35%) |
| Grafargerði, Hofshr. | Skagafjarðarsýsla | GGH-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 4 (>35%) |
| Grafargerði, Hofshr. | Skagafjarðarsýsla | GGH-A-2 | 46+ | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Grásíða, Kelduneshr. | Norður-Þingeyjarsýsla | GSV-A-1 | 18-25 | Karlkyns | 2 (>75%) |

| Staður | Sýsla | Númer | Aldur | Kyn | Varðveisla |
|---|---|---|---|---|---|
| Grímsstaðir, Skútustaðahr. | Suður-Þingeyjarsýsla | GRM-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 4 (>35%) |
| Grímsstaðir, Skútustaðahr. | Suður-Þingeyjarsýsla | GRS-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 3 (>50%) |
| Grímsstaðir, Skútustaðahr. | Suður-Þingeyjarsýsla | GRS-A-2 | 36-45 | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Gröf á Vatnsnesi, | Vestur-Húnavatnssýsla | GRV-A-1 | 46+ | Karlkyns? | 4 (>35%) |
| Gömlu Grímsstaðir, Fjallahr. | Norður-Þingeyjarsýsla | GRF-A-1 | 7-12 | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Gömlu Grímsstaðir, Fjallahr. | Norður-Þingeyjarsýsla | GRF-A-2 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Hafurbjarnarstaðir, Miðneshr. | Árnessýsla | HBS-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 3 (>50%) |
| Hafurbjarnarstaðir, Miðneshr. | Árnessýsla | HBS-A-2 | 26-35 | Kvenkyns | 2 (>75%) |
| Hafurbjarnarstaðir, Miðneshr. | Árnessýsla | HBS-A-3 | 36-45 | Kvenkyns | 1 (>90%) |
| Hafurbjarnarstaðir, Miðneshr. | Árnessýsla | HBS-A-4 | 46+ | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Hafurbjarnarstaðir, Miðneshr. | Árnessýsla | HBS-A-5 | 0-2 | Ógreinanlegt | 2 (>75%) |
| Hafurbjarnarstaðir, Miðneshr. | Árnessýsla | HBS-A-6 | 36-45 | Karlkyns | 4 (>35%) |
| Hámundarstaðaháls, Árskógshr. | Eyjafjarðarsýsla | HSE-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Hemla, V-Landeyarhr. | Rangárvallasýsla | HVL-A-1 | 13-17 | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Hemla, V-Landeyarhr. | Rangárvallasýsla | HVL-A-2 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Hólaskógur í Þjórsárdal | Árnessýsla | ÞHS-A-1 | 36-45 | Kvenkyns? | 3 (>50%) |
| Hrafnsstaðir, Ljósavatnshr. | Suður-Þingeyjarsýsla | HRK-A-1 | 46+ | Karlkyns? | 4 (>35%) |
| Hrafnsstaðir, Ljósavatnshr. | Suður-Þingeyjarsýsla | HRK-A-2 | 36-45 | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Hrafnsstaðir, Ljósavatnshr. | Suður-Þingeyjarsýsla | HRK-A-3 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Hraukbær | Eyjafjarðarsýsla | | 18-25 | Kvenkyns | 2 (>75%) |
| Hrífunes, Skaftártunguhr. | Vestur-Skaftafellssýsla | HRS-A-1 | 36-45 | Karlkyns? | 4 (>35%) |
| Hrífunes, Skaftártunguhr. | Vestur-Skaftafellssýsla | HRS-A-2 | 36-45 | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Hrífunes, Skaftártunguhr. | Vestur-Skaftafellssýsla | HRS-A-2a | 0-2 | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Hrífunes, Skaftártunguhr. | Vestur-Skaftafellssýsla | HRS-B-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Hrífunes, Skaftártunguhr. | Vestur-Skaftafellssýsla | HRS-C-1 | 36-45 | Kvenkyns? | 4 (>35%) |
| Hrólfsstaðir, Jökuldal | Norður-Múlasýsla | HSJ-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 2 (>75%) |

| Staður | Sýsla | Númer | Aldur | Kyn | Varðveisla |
|---|---|---|---|---|---|
| Karlsnes, landmannahr. | Rangárvallasýsla | KNS-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Kápa, V-Eyjafjallahr. | Rangárvallasýsla | KVE-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Kápa, V-Eyjafjallahr. | Rangárvallasýsla | KVE-A-2 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Ketilsstaðir, Hjaltastaðahr. | Norður-Múlasýsla | LKS-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Kolsholt, Villingaholtshr. | Árnessýsla | KHF-A-1 | 36-45 | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Kornsá, Áshr. | Austur-Húnavatnssýsla | KAV-A-1 | Ógreinanlegur | Kvenkyns | 5 (<30%) |
| Kroppur, Hrafnagilshr. | Eyjafjarðarsýsla | KRE-A-1 | 36-45 | Karlkyns? | 3 (>50%) |
| Kroppur, Hrafnagilshr. | Eyjafjarðarsýsla | KRE-A-2 | 36-45 | Kvenkyns | 3 (>50%) |
| Lambhagi, Rangárvallahr. | Rangárvallasýsla | LHR-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Litli-Dunhagi, Arnarneshr. | Eyjafjarðarsýsla | LDH-A-1 | 46+ | Karlkyns? | 4 (>35%) |
| Ljótsstaðir, Hofshr. | Skagafjarðarsýsla | LSS-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Lækur í Flóa | Árnessýsla | LKH-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Másvatn | Suður-Þingeyjarsýsla | MKR-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 3 (>50%) |
| Merkurhraun | Rangárvallasýsla | MEH-A-1 | 46+ | Kvenkyns? | 3 (>50%) |
| Moldhaugar, Landmannahr. | Eyjafjarðarsýsla | KHE-A-1 | Ógreinanlegur | Karlkyns | 5 (<30%) |
| Mörk, Landmannahr. | Rangárvallasýsla | MKL-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Njarðvík | Norður-Múlasýsla | NNM-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Núpar, Aðaldælahr. | Skagafjarðarsýsla | NUA-A-1 | 26-35 | Ógreinanlegt | 3 (>50%) |
| Ormsstaðir, Eiðahr. | Suður-Múlasýsla | ORE-A-1 | 46+ | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Reykjasel, Jökuldalshr. | Norður-Múlasýsla | RSJ-A-1 | 36-45 | Kvenkyns | 3 (>50%) |
| Selfoss, Sandvíkurhr. | Árnessýsla | SFA-A-1 | Ógreinanlegur | Kvenkyns? | 4 (>35%) |
| Selfoss, Sandvíkurhr. | Árnessýsla | SFA-B-1 | 36-45 | Kvenkyns? | 4 (>35%) |
| Sílastaðir, Glæsibæjarhr. | Eyjafjarðarsýsla | SSG-A-1 | 46+ | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Sílastaðir, Glæsibæjarhr. | Eyjafjarðarsýsla | SSG-A-2 | 46+ | Karlkyns | 3 (>50%) |
| Sílastaðir, Glæsibæjarhr. | Eyjafjarðarsýsla | SSG-A-3 | 36-45 | Karlkyns | 4 (>35%) |
| Sílastaðir, Glæsibæjarhr. | Eyjafjarðarsýsla | SSG-A-4 | 36-45 | Kvenkyns? | 5 (<30%) |

| Staður | Sýsla | Númer | Aldur | Kyn | Varðveisla |
|---|---|---|---|---|---|
| Skansinn | Vestmannaeyjar | SVE-A-1 | 46+ | Karlkyns | 3 (>50%) |
| Skansinn | Vestmannaeyjar | SVE-B-1 | Ógreinanlegur | Kvenkyns? | 3 (>50%) |
| Skíðastaðir, Lýtingsstaðahr. | Skagafjarðarsýsla | VSL-A-1 | 36-45 | Kvenkyns? | 3 (>50%) |
| Smyrlaberg, Torfulækjarhr. | Austur-Húnavatnssýsla | SBT-A-1 | 46+ | Karlkyns | 3 (>50%) |
| Smyrlaberg, Torfulækjarhr. | Austur-Húnavatnssýsla | SBT-B-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Sólheimar, Seyluhr. | Skagafjarðarsýsla | SHS-A-1 | Ógreinanlegur | Karlkyns? | 4 (>35%) |
| Sólheimar, Seyluhr. | Skagafjarðarsýsla | SHS-A-2 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Staðartunga, Skriðuhr. | Eyjafjarðarsýsla | STH-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 3 (>50%) |
| Staðartunga, Skriðuhr. | Eyjafjarðarsýsla | STH-A-2 | 36-45 | Karlkyns | 4 (>35%) |
| Staðartunga, Skriðuhr. | Eyjafjarðarsýsla | STH-B-1 | 46+ | Karlkyns? | 5 (<30%) |
| Stafn, Bólstaðarhlíðarhr. | Austur-Húnavatnssýsla | STB-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 4 (>35%) |
| Stóri Klofi, landmannahr. | Rangárvallasýsla | STK-A-1 | Ógreinanlegur | Karlkyns? | 4 (>35%) |
| Stóri Klofi, landmannahr. | Rangárvallasýsla | STK-A-2 | 46+ | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Straumur, Tunguhr. | Norður-Múlasýsla | STT-A-1 | 46+ | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Straumur, Tunguhr. | Norður-Múlasýsla | STT-A-2 | 46+ | Karlkyns | 4 (>35%) |
| Straumur, Tunguhr. | Norður-Múlasýsla | STT-A-3 | Ógreinanlegur | Kvenkyns? | 4 (>35%) |
| Straumur, Tunguhr. | Norður-Múlasýsla | STT-A-4 | 7-12 | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Sturluflötur, Fljótsdalshr. | Norður-Múlasýsla | SFS-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Stærri-Árskógur, Árskógshr. | Eyjafjarðarsýsla | SAE-A-1 | 36-45 | Karlkyns? | 4 (>35%) |
| Surtsstaðir, Hlíðarhr. | Norður-Múlasýsla | SSJ-A-1 | 18-25 | Kvenkyns? | 3 (>50%) |
| Surtsstaðir, Hlíðarhr. | Norður-Múlasýsla | SSJ-A-2 | 36-45 | Karlkyns | 3 (>50%) |
| Svínadalur, Kelduneshr. | Norður-Þingeyjarsýsla | SVK-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Syðra-Krossanes, Glæsibæjarhr. | Eyjafjarðarsýsla | SYK-A-1 | 46+ | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Syðra-Krossanes, Glæsibæjarhr. | Eyjafjarðarsýsla | SYK-A-2 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Syðra-Krossanes, Glæsibæjarhr. | Eyjafjarðarsýsla | SYK-A-3 | Ógreinanlegur | Karlkyns? | 5 (<30%) |
| Syðri-Hofdalir, Viðvíkurhr. | Skagafjarðarsýsla | SHV-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |

| Staður | Sýsla | Númer | Aldur | Kyn | Varðveisla |
|---|---|---|---|---|---|
| Syðri-Reistará, Arnarneshr. | Eyjafjarðarsýsla | SYR-A-1 | 36-45 | Kvenkyns | 4 (>35%) |
| Syðri-Reistará, Arnarneshr. | Eyjafjarðarsýsla | SYR-B-1 | Ógreinanlegur | Kvenkyns? | 5 (<30%) |
| Traðarholt, Stokkseyrarhr. | Árnessýsla | THS-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Traðarholt, Stokkseyrarhr. | Árnessýsla | THS-A-2 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Traðarholt, Stokkseyrarhr. | Árnessýsla | THS-A-3 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Tryðilmýri, Snæfjallahr. | Norður-Ísafjarðarsýsla | TMY-A-1 | Ógreinanlegur | Karlkyns? | 4 (>35%) |
| Tryðilmýri, Snæfjallahr. | Norður-Ísafjarðarsýsla | TMY-A-2 | 26-35 | Karlkyns? | 4 (>35%) |
| Urriðaá, Ytri-Torfulækjarhr. | Vestur-Ísafjarðarsýsla | UAM-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Urriðaá, Ytri-Torfulækjarhr. | Vestur-Ísafjarðarsýsla | UAM-B-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Vað, Skriðdalshr. | Suður-Múlasýsla | VAS-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Vatnsdalur í Patreksfirði | Barðastrandarsýsla | VDP-A-1 | 13-17 | Ógreinanlegt | 1 (>90%) |
| Vatnsdalur í Patreksfirði | Barðastrandarsýsla | VDP-A-2 | 13-17 | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Vatnsdalur í Patreksfirði | Barðastrandarsýsla | VDP-A-3 | 18-25 | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Vatnsdalur í Patreksfirði | Barðastrandarsýsla | VDP-A-4 | 18-25 | Kvenkyns | 1 (>90%) |
| Vatnsdalur í Patreksfirði | Barðastrandarsýsla | VDP-A-5 | 36-45 | Kvenkyns | 2 (>75%) |
| Vatnsdalur í Patreksfirði | Barðastrandarsýsla | VDP-A-6 | 26-35 | Karlkyns | 1 (>90%) |
| Vatnsdalur í Patreksfirði | Barðastrandarsýsla | VDP-A-7 | 36-45 | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Víðastaðir, Hjaltastaðahr. | Norður-Múlasýsla | VSH-A-1 | Ógreinanlegur | Karlkyns? | 5 (<30%) |
| Ytra-Garðshorn, Svarfaðardalshr. | Eyjafjarðarsýsla | YGS-A-1 | 46+ | Karlkyns | 4 (>35%) |
| Ytra-Garðshorn, Svarfaðardalshr. | Eyjafjarðarsýsla | YGS-A-2 | 36-45 | Kvenkyns | 5 (<30%) |
| Ytra-Garðshorn, Svarfaðardalshr. | Eyjafjarðarsýsla | YGS-B-1 | 36-45 | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Ytra-Garðshorn, Svarfaðardalshr. | Eyjafjarðarsýsla | YGS-B-2 | 7-12 | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Ytra-Garðshorn, Svarfaðardalshr. | Eyjafjarðarsýsla | YGS-B-3 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Ytra-Garðshorn, Svarfaðardalshr. | Eyjafjarðarsýsla | YGS-B-4 | 46+ | Karlkyns | 4 (>35%) |
| Ytra-Garðshorn, Svarfaðardalshr. | Eyjafjarðarsýsla | YGS-B-5 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Ytra-Hvarf, Svarfaðardalshr. | Eyjafjarðarsýsla | YHS-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |

| Staður | Sýsla | Númer | Aldur | Kyn | Varðveisla |
|---|---|---|---|---|---|
| Ytra-Hvarf, Svarfaðardalshr. | Eyjafjarðarsýsla | | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 4 (>35%) |
| Þorljótsstaðir, Lýtingsstaðahr. | Skagafjarðarsýsla | ÞLS-A-1 | 46+ | Karlkyns? | 4 (>35%) |
| Öndverðarnes, Breiðavíkurhr. | Snæfellsnessýsla | DKS-A-1 | 18-25 | Ógreinanlegt | 1 (>90%) |
| Öxnadalsheiði, Akrahr. | Skagafjarðarsýsla | OXH-A-1 | 36-45 | Kvenkyns? | 5 (<30%) |
| Öxnadalsheiði, Akrahr. | Skagafjarðarsýsla | OXH-A-2 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |

Sérskrá, stakir beinafundir sem gætu verið úr kumlum.

| Staður | Sýsla | Númer | Aldur | Kyn | Varðveisla |
|---|---|---|---|---|---|
| Eiðið | Vestmannaeyjar | EVE-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Eiðið | Vestmannaeyjar | EVE-A-2 | 13-17 | Ógreinanlegt | 2 (>75%) |
| Fossvellir | Norður-Múlasýsla | FOV-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 2 (>75%) |
| Fossvellir | Norður-Múlasýsla | FOV-B-1 | 26-35 | Kvenkyns | 5 (<30%) |
| Fossvellir | Norður-Múlasýsla | FOV-B-2 | 46+ | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Gilsbakki, Öxarfjarðarhr. | Norður-Þingeyjarsýsla | GBA-A-1 | 36-45 | Kvenkyns | 4 (>35%) |
| Glerá, Kræklingahlíð | Eyjafjarðarsýsla | | 36-45 | Karlkyns | 5 (<30%) |
| Hallfreðastaðir, Tunguhr. | Norður-Múlasýsla | HST-A-1 | 7-12 | Ógreinanlegt | 2 (>75%) |
| Hallfreðastaðir, Tunguhr. | Norður-Múlasýsla | HST-A-2 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Hella | Rangárvallasýsla | HER-A-1 | 36-45 | Kvenkyns | 2 (>75%) |
| Laxárdalur, Þistilfirði | Norður-Þingeyjarsýsla | | 26-35 | Karlkyns? | 5 (<30%) |
| Neðri-Þverá, Fljótshlíðarhr. | Rangárvallasýsla | NÞR-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Neðri-Þverá, Fljótshlíðarhr. | Rangárvallasýsla | NÞR-A-2 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Skeggjastaðir, Jökuldalshr. | Norður-Múlasýsla | SKJ-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 3 (>50%) |
| Skíðastaðaskriða, Vatnsdalur | Austur-Húnavatnssýsla | SSV-A-1 | 13-17 | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Skoruvík á Langanesi | Norður-Þingeyjarsýsla | SVL-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Skriðufell, Gnúpverjahr. | Árnessýsla | SFÞ-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Suðurárbotnar, Bárðdælahr. | Suður-Þingeyjarsýsla | SUB-A-1 | 18-25 | Karlkyns | 4 (>35%) |
| Suðurárbotnar, Bárðdælahr. | Suður-Þingeyjarsýsla | SUB-A-2 | 18-25 | Karlkyns? | 5 (<30%) |
| Suðurárbotnar, Bárðdælahr. | Suður-Þingeyjarsýsla | SUB-B-1 | 18-25 | Karlkyns | 5 (<30%) |
| Svínhagi, Rangárvallahr. | Rangárvallasýsla | SHR-A-1 | Ógreinanlegur | Ógreinanlegt | 5 (<30%) |
| Þorleifsstaðir í Blönduhlíð | Skagafjarðarsýsla | ÞSB-A-1 | 36-45 | Karlkyns | 4 (>35%) |